



Stúdentaráð Háskóla Íslands

151. löggjafarþing 2020-2021
Þingskjal 189 - 188. mál

15. mars 2021

Umsögn vegna frumvarps til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum (kosningaaldur)

Stúdentaráð Háskóla Íslands tekur undir umsögn Landssambands ungmennafélaga (LUF) er snýr að ofangreindu frumvarpi.

Það er tímabært fyrir Ísland að taka skref í átt að virkri lýðræðislegri þróun og tryggja að 16 og 17 ára einstaklingar hafi aðgang að réttindum sínum til þátttöku í lýðræðissamfélagi, samhliða því að tryggja aukna lýðræðisfræðslu. Líkt og LUF nefnir í umsögn sinni þá er nauðsyn að tryggja slíka fræðslu samhliða lækkun kosningaaldurs.

Stúdentaráð hvarmar að umfjöllunin er varðar frumvarpið, bæði á Alþingi og utan þess, hafi ekki verið upplýst og upp til hópa fordómafull í garð ungs fólks. Stúdentaráð undirstrikar eftirfarandi úr umsögn LUF:

„...rannsóknir sýna að enginn marktækur munur er á vitrænni getu 16 ára ungmenna og fullorðinna. Ljóst er að 16 ára ungmenni hafa náð sama stigi siðferðislegrar rökhugsunar og fullorðnir.“

Ungt fólk á rétt á að hlustað sé á það og að aðgangur þeirra að ákvarðanatöku sé tryggður. Stúdentaráð skorar á Alþingi til að samþykkja frumvarpið.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands